
# Leikskóli FS





# Skólanámskrá

2026

**Leikskóli FS**

Leikskóli FS er einn leikskóli sem starfar á tveimur starfsstöðvum, Sólgarði og Mánagarði. Starfsstöðvarnar eru í sitthvoru húsinu við Eggertsgötu í Reykjavík. Félagsstofnun stúdenta rekur leikskólann samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg. Leikskóli FS starfar eftir einni sameiginlegri skólanámskrá en starf á hvorri starfsstöð tekur mið af húsnæði, deildaskipulagi, aldri og samsetningu barnahópsins og öðrum aðstæðum á hverjum stað.

**Sólgarður**

Sólgarður er starfsstöð Leikskóla FS við Eggertsgötu 14 og hóf starfsemi 1. ágúst 1995. Sólgarður er ungbarnaleikskóli og þar dvelja 115 börn. Sólgarður er opin frá kl. 7:45 til 16:00.

Húsnæði Sólgarðs er um 1.300 fermetrar, þar af um 800 fermetrar leikrými. Deildirnar eru sjö: Úranus, Satúrnus, Júpíter, Merkúr, Venus, Jörðin og Mars.

Á Sólgarði starfa að jafnaði um 43 starfsmenn. Fjöldinn getur verið breytilegur eftir stærð og samsetningu barnahópsins.

**Mánagarður**

Mánagarður er starfsstöð Leikskóla FS við Eggertsgötu 30–34 og hóf starfsemi 9. september 1996. Sumarið 2018 stækkaði Mánagarður þegar fjórar nýjar deildir voru opnaðar við Eggertsgötu 30–32. Á Mánagarði dvelja 127 börn.

Opnunartími Mánagarðs er tvískiptur. Álman við Eggertsgötu 30–32 er opin frá kl. 7:30 til 16:30 en álman við Eggertsgötu 34 frá kl. 8:00 til 16:00. Húsnæði Mánagarðs er um 1.084 fermetrar, þar af um 418 fermetrar leikrými, og lóðin er um 2.500 fermetrar. Deildirnar eru sjö. Við Eggertsgötu 34 eru yngri deildirnar Dvergaberg, Hulduhóll og Álfasteinn. Við Eggertsgötu 30–32 eru eldri deildirnar Dísaskógur, Drekadyngja, Tröllahellir og Skessuskot. Aldursskipting deilda getur breyst eftir samsetningu barnahópsins hverju sinni.

Á Mánagarði starfa að jafnaði um 40 starfsmenn. Fjöldinn getur verið breytilegur eftir stærð og samsetningu barnahópsins.

**Stjórnendur Leikskóla FS**

Leikskólastjóri Leikskóla FS er Sigríður Stephensen og fagstjóri HighScope er Íris Dögg Jóhannesdóttir.

Á Sólgarði er Ástarós Snævarsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Júlía Kristjánsdóttir

sérkennslustjóri. Á Mánagarði er Ragnhildur Ýr Jóhannsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Kristín Ósk Guðjónsdóttir sérkennslustjóri.

**Starfsfólk og ábyrgð**

Stjórnendur bera ábyrgð á rekstri, skipulagi og faglegu starfi Leikskóla FS á báðum starfsstöðvum. Deildarstjórar og leikskólakennarar leiða uppeldis- og menntunarstarf á deildum í samstarfi við annað starfsfólk. Leiðbeinendur taka þátt í daglegu starfi með börnunum undir leiðsögn deildarstjóra.

Sérkennslustjórar halda utan um skipulag og framkvæmd stuðnings við börn.

Verkefnastjóri fjölmenningar heldur utan um og samræmir fjölmenningarstarf og málörvun á starfsstöðvunum og veitir starfsfólki og fjölskyldum stuðning og ráðgjöf eftir því sem við á. Fagstjóri HighScope vinnur að faglegri þróun og fræðslu starfsfólks.

Starfsfólk eldhúsa annast matseld og ræstitæknar sjá um þrif.

**Skólanámskráin**

Skólanámskrá Leikskóla FS lýsir uppeldis- og menntunarstarfi á starfsstöðvunum Sólgarði og Mánagarði. Hún gerir grein fyrir sameiginlegum grunni starfsins, þeirri hugmyndafræði sem unnið er eftir og þeim leiðum sem farnar eru í daglegu starfi. Jafnframt endurspeglar hún hvernig starf hvorrar starfsstöðvar tekur mið af aldri og samsetningu barnahópsins, starfsfólki, húsnæði og öðrum aðstæðum.

Námskráin er ætluð foreldrum, starfsfólki og öðrum sem vilja kynna sér starf Leikskóla FS. Hún myndar sameiginlegan grunn fyrir faglegt starf, samtal og þróun og nýtist jafnframt við gerð starfsáætlana og annarra leiðbeininga fyrir starfsfólk. Námskráin er endurskoðuð reglulega svo hún endurspegli áherslur og starf leikskólans á hverjum tíma.

**Lög og réttindi barna**

Starf Leikskóla FS byggist á lögum um leikskóla nr. 90/2008 og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem lögfestur var með lögum nr. 19/2013. Í leikskólanum fara saman uppeldi, umönnun og menntun. Velferð barna og það sem þeim er fyrir bestu er haft að leiðarljósi, ásamt rétti þeirra til leiks, þátttöku og stuðnings við hæfi.

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla skal hver leikskóli gefa út skólanámskrá þar sem fram koma markmið starfsins og leiðir til að ná þeim. Þessi skólanámskrá gildir fyrir Sólgarð og Mánagarð og gerir grein fyrir sérstöðu hvorrar starfsstöðvar þar sem það á við.

**Starfsumhverfi**

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, með síðari breytingum, fjallar meðal annars um húsnæði, skólalóð, búnað, aðbúnað, slysavarnir og öryggismál. Reglugerðin er hluti af þeim ramma sem starf Leikskóla FS byggist á.

Í daglegu starfi er lögð áhersla á að námsumhverfið sé öruggt, aðgengilegt og hvetjandi og að það styðji við leik, nám, sjálfstæði og þátttöku barnanna.

**Aðalnámskrá leikskóla**

Aðalnámskrá leikskóla setur fram sameiginleg markmið og áherslur fyrir leikskólastarf á Íslandi, þar á meðal grunnþætti menntunar, námssvið leikskóla og viðmið um starfshætti og mat á skólastarfi. Skólanámskrá Leikskóla FS útfærir þessar áherslur og lýsir því hvernig þær birtast í starfi Sólgarðs og Mánagarðs.

HighScope er sameiginleg uppeldis- og menntunarfræðileg stefna Leikskóla FS og er henni lýst í kafla 1.

## Efnisyfirlit

1. HighScope og virkt nám ... 8
1.1 HighScope-stefnan ... 8
1.2 Virkt nám ... 9
1.3 Efniviður ... 9
1.4 Meðhöndlun á efnivið ... 9
1.5 Val ... 10
1.6 Orð og hugsanir barna ... 10
1.7 Stuðningur starfsfólks ... 11
1.8 Lykilreynsluþættir HighScope-stefnunnar ... 12
2. Daglegt líf í Leikskóla FS ... 14
2.1 Dagskipulag ... 14
2.2 Námsumhverfið ... 15
2.3 Leikskólarnir opna ... 16
2.4 Að koma og fara ... 16
2.5 Borðhald ... 17
2.6 Morgunsöngur og skilaboðaskjóða ... 17
2.7 Val ... 18
2.8 Leikstund ... 19
2.9 Hlutverk starfsfólks í leikstund ... 20
2.10 Að taka saman ... 20
2.11 Að rifja upp ... 21
2.12 Hópastarf ... 21
2.13 Hvíld ... 22
2.14 Fataklefinn ... 22
2.15 Útivera og vettvangsferðir ... 23
2.16 Samverustundir ... 23
2.17 Hreinlæti ... 24
2.18 Afmæli ... 24
2.19 Hefðir og hátíðir ... 24
2.19.1 Tilbreytingardagar ... 24
2.19.2 Aðventan ... 25
2.19.3 Þorri og dagar tengdir íslenskum hefðum ... 25
2.19.4 Útskrift og útskriftarferð elstu barnanna á Mánagarði ... 25
2.19.5 Sumarhátíð ... 26
3. Réttindi barna, þátttaka og inngilding ... 27
3.1 Lýðræði, þátttaka og mannréttindi ... 27

3.2 Jafnrétti ... 27
3.3 Inngildandi leikskólastarf ... 27
4. Námssvið og grunnþættir menntunar ... 29
4.1 Læsi og samskipti ... 29
4.2 Heilbrigði og vellíðan ... 29
4.3 Sjálfbærni og vísindi ... 30
4.4 Sköpun og menning ... 30
5. Mat á leik, námi og velferð barna ... 31
5.1 Aðferðir við mat ... 31
5.2 Nýting niðurstaðna ... 31
5.3 Þátttaka barna og foreldra ... 31
6. Fjölskyldur og leikskólinn ... 33
6.1 Aðlögun ... 33
6.2 Foreldrasamstarf ... 33
6.3 Dagleg samskipti og upplýsingamiðlun ... 34
6.4 Foreldrafundir og foreldraviðtöl ... 34
6.5 Foreldraráð og foreldrafélög ... 34
6.6 Hagnýt atriði í leikskóladvölinni ... 35
7. Fjöltyngi og stuðningur við börn ... 37
7.1 Fjöltyngi og menningarlegur fjölbreytileiki ... 37
7.2 Hlutverk verkefnastjóra fjölmenningar ... 37
7.3 Stuðningur við börn og farsæld ... 38
7.3.1 Snemmtækur stuðningur ... 38
7.3.2 Samstarf um stuðning ... 39
7.3.3 Tengiliður farsældar ... 39
7.3.4 Trúnaður og meðferð upplýsinga ... 39
7.3.5 Tilkynningarskylda til barnaverndar ... 40
8. Tengsl skólastiga og nær samfélags ... 41
8.1 Samstarf Sólgarðs við leikskóla ... 41
8.2 Samstarf Mánagarðs við leik- og grunnskóla ... 41
8.3 Nær samfélagið sem námsumhverfi ... 42
9. Faglegt samstarf og starfsþróun ... 43
9.1 Faglegt samstarf og samráð ... 43
9.2 Starfsþróun ... 43
10. Mat á leikskólastarfi, umbætur og ársskýrsla ... 45
10.1 Innra mat ... 45
10.2 Umbætur og starfsáætlun ... 46

10.3 Ytra mat ..... 46
10.4 Ársskýrsla ..... 46
11. Gerð og endurskoðun skólanámskrár ..... 47

# 1. HighScope og virkt nám

Gildi Leikskóla FS er virkt nám. Það felur í sér þá sýn að börn séu virk frá fæðingu og læri best með því að kanna, prófa, skapa og eiga samskipti við fólk, efnivið og umhverfi sitt.
Í Leikskóla FS fá börnin tækifæri til að sýna frumkvæði, taka ákvarðanir og fylgja eigin hugmyndum eftir. Námsumhverfið er skipulagt þannig að það styðji við val, sjálfstæði og þátttöku barnanna. Starfsfólk mætir börnunum af virðingu og umhyggju, hlustar á orð þeirra og aðrar tjáningarleiðir og styður þau við að leita lausna, vinna saman og ígrunda reynslu sína.

## 1.1 HighScope-stefnan



Hornsteinn HighScope er trúin á að virkt nám sé undirstaða þess að manneskjan nái fullum þroska og getu og að virkt nám sé árangursríkast í umhverfi sem sér börnunum fyrir verkefnum sem hæfa aldri þeirra og þroska. Nám er félagsleg reynsla þar sem börn eiga í miklum samskiptum í leik og starfi. Börn læra hlutina á ólíkan hátt, hafa ólík áhugamál og hlutirnir liggja misvel fyrir þeim. Þau þroskast og læra best í samskiptum við aðra, bæði jafningja og fullorðna.
Persónulegt frumkvæði barnanna er það sem liggur að baki virku námi þeirra. Ung börn fylgja löngun sinni til að kanna hluti. Þau spyrja og leita svara við spurningum um fólk, efni, hugmyndir og hluti sem vekja áhuga þeirra og forvitni. Þau leysa vandamál sem koma í veg fyrir að þau nái markmiðum sínum og leita nýrra leiða til að ná þeim.
Í HighScope er einblínt á styrkleika barnanna og getu og þau hvött til að koma hugmyndum sínum á framfæri og framkvæma þær. Börnin öðlast sjálfstraust og frumkvæði, forvitni þeirra eykst og þau verða úrræðagóð, sjálfstæð og ábyrgðarfull þegar þau fá tækifæri til að sýna hvað í þeim býr.
Virkir nemendur eru einbeittir og áhugasamir um eigin gjörðir og hugsanir. Þeir finna sér margt til dundurs og tala oft um það sem þeir ætla að gera. Börn í virku námsumhverfi taka ákvarðanir byggðar á eigin áhuga og spurningum og fá tíma til að fylgja áætlunum sínum eftir. Þau deila hugmyndum sínum, athugunum og áætlunum með öðrum og fá viðeigandi stuðning og hvatningu frá starfsfólki.

## 1.2 Virkt nám

Til að virkt nám eigi sér stað þurfa eftirfarandi þættir að vera til staðar:

- ✓ **Efniviður**
- ✓ **Meðhöndlun á efnivið**
- ✓ **Val**
- ✓ **Orð og hugsanir barna**
- ✓ **Stuðningur starfsfólks**

## 1.3 Efniviður

Virkt nám veltur á notkun hluta, áhalda, leikfanga, tækja og tóla. Virkt nám hefst þegar ung börn meðhöndla hluti og nota líkama sinn og skynfæri til þess að kanna þá. Með þessari áþreifanlegu reynslu byrja börn að skilja ólík hugtök.

Drifkrafturinn kemur frá barninu. Það vill læra og áhugi þess, spurningar og vilji leiða það til að kanna, rannsaka og prófa. Þannig öðlast það nýja þekkingu og reynslu. Virkir



nemendur eru spyrjendur og könnuðir sem setja fram tilgátur og prófa þær með því að velja sér efnivið og nota hann á þann hátt sem þeim finnst skynsamlegt. Efniviðurinn þarf því að vera fjölbreyttur og aðgengilegur svo börnin geti valið hann, nálgast hann og kannað sjálf.

Sem könnuðir finna börnin líka einstakar lausnir. Þótt uppfinningar þeirra séu stundum „subbulegar“, ótraustar eða óskiljanlegar fullorðnum eru þær leiðir barnanna til að skilja hlutina. Ferlið frá því að þau fá hugmynd og þar til þau hafa prófað að framkvæma hana er lærdómsríkt. „Mistökin“ eru mikilvæg því með þeim fá börnin nýjar upplýsingar um upprunalegu hugmyndina og geta prófað aðrar leiðir.

Virkt nám er því stöðugt ferli í þróun og börnin nota mismunandi aðferðir, efnivið og leiðir til að öðlast nýja reynslu.

## 1.4 Meðhöndlun á efnivið

Í virku námsumhverfi er börnunum frjálst að fylgja eigin áhuga. Starfsfólk sér þeim fyrir viðeigandi efnivið sem höfðar til áhuga þeirra og styðja þau við að kanna hann. Bein reynsla af hlutum, fólki, hugmyndum og atburðum er mikilvæg fyrir nám og þroska barna.

Ung börn læra hugtök, móta eigin hugmyndir og skapa sín eigin tákn með sjálfsprottnum leik og athöfnum - hreyfingu, hlustun, skynjun og meðhöndlun efniviðar. Á HighScope-deildum eru börnin virkir nemendur sem byggja upp þekkingu þegar þau framkvæma hugmyndir sínar, vinna með ólík viðfangsefni á eigin forsendum og ræða um það sem þau gerðu.

Yngstu börnin kanna efniviðinn með höndunum, augunum, eyrunum og oft munninum. Þau nota skynfærin til að kanna heiminn og þurfa efnivið sem hæfir aldri þeirra og gefur þeim tækifæri til slíkrar könnunar. Að færa efnivið milli staða, fylla, tæma og endurtaka athafnir getur verið mikilvægur hluti af leik þeirra.

## 1.5 Val




Eitt af gæðamerkjum virkrar námsstefnu eru tækifærin sem börn fá til að velja. Ung börn eru hugmyndarík og uppátækjasöm og geta valið sér efnivið og notað hann á þann hátt sem þau kjósa. Frelsi þeirra til að velja hvað þau gera við efniviðinn, hvar þau nota hann og með hverjum er mikilvægt fyrir virkt nám. Með vali gefst börnunum kostur á að finna áhugasvið sitt og styrkleika.

Starfsfólk í virku námsumhverfi skilur hversu mikilvægt það er fyrir nám barna að hafa val í daglegum aðstæðum. Val gerir börnin að virkari þátttakendum í eigin námi og styrkir sjálfstæði þeirra og frumkvæði.

Tækifæri til að velja þurfa að ná til yngstu barnanna líka. Þau tjá val sitt ekki alltaf með orðum, en geta til dæmis sýnt hvaða efnivið þau vilja kanna, hvert þau vilja fara eða hvað veitir þeim ró í hvíldinni. Starfsfólk fylgist með tjáningu þeirra og gefa þeim tækifæri til að hafa áhrif á daginn sinn.

## 1.6 Orð og hugsanir barna

Íhugun barna um gjörðir sínar er grundvallarþáttur í námi þeirra. Að hlusta eftir og viðurkenna hugsunarhátt hvers barns styrkir hugsun þess og eflir rökhugsun. Í gegnum samskipti við fólk og reynslu af efnivið og atburðum byggir barnið upp hugmyndir um umhverfi sitt.

Starfsfólk fylgist með börnunum og á í samskiptum við þau til að átta sig á því hvernig þau hugsa. Í samtölum ræðir starfsfólk við börnin um það sem þau eru að gera og hugsa og beina athyglinni að athöfnum þeirra. Þau taka undir það sem börnin segja, bæta við eða byggja á orðum þeirra og hvetja þau þannig til að hugsa um ferlið sem átti sér stað. Með því fær starfsfólk innsýn í áhuga og styrkleika hvers barns og geta veitt því viðeigandi stuðning.

Samskipti yngstu barnanna eru oft án orða. Þau tjá sig með hljóðum, bendingum, athöfnum og svipbrigðum. Starfsfólk gefur þeim tíma til að tjá sig, bregðast við merkjum þeirra og setja orð á það sem þau eru að gera eða reyna að gera. Þannig verða samskiptin gagnkvæm og barnið fær að hafa áhrif á þau.

Starfsfólk í virku námsumhverfi gerir sér grein fyrir að hlusta þarf á svör og útskýringar barnanna, líka þegar þær eru aðrar en þau bjuggust við. Með því hvetur starfsfólk börnin til að prófa hugmyndir sínar og reyna nýjar leiðir.

## 1.7 Stuðningur starfsfólks

Að vera hluti af deild þar sem virkt nám og jákvæður stuðningur starfsfólks er til staðar hjálpar börnunum að þroska með sér frumkvæði. Þar er lagður grunnur að félagslegum samskiptum þeirra. Í HighScope er leitast við að veita börnum gott og jákvætt umhverfi og styðja þau í leik og starfi.

Í daglegu starfi leitast starfsfólk við að finna jákvæðar leiðir til að grípa inn í. Að einblína á styrkleika barnanna, vinna við hlið þeirra, styðja við leikinn og hjálpa þeim að finna leiðir til að leysa félagsleg vandamál.

HighScope leggur áherslu á að hvetja börn til að sýna frumkvæði og styrkja þau á jákvæðan hátt. Börnin verða virkir þátttakendur í eigin námi þegar þau fá að taka ákvarðanir um hvað þau vilja gera og hvaða viðfangsefni vekja áhuga þeirra. Að velja, leika og rifja upp gerir þeim kleift að þróa og framkvæma eigin hugmyndir. Allan daginn leita þau leiða til að svara eigin spurningum og ræða hugmyndir sínar við aðra.

Starfsfólk hvetur börn til að taka þátt í að leysa vandamál sem koma upp, í stað þess að leysa þau alltaf fyrir þau. Að styðja börnin við að leita hugmynda hvert hjá öðru og prófa eigin lausnir. Þannig verða vandamálin líka tækifæri til náms.

## 1.8 Lykilreynsluþættir HighScope-stefnunnar

Lykilreynsluþættir HighScope-stefnunnar samanstanda af 58 þáttum sem falla undir átta flokka. Þeir lýsa athöfnum barna, því hvernig þau sjá heiminn í kringum sig og þeirri reynslu sem er mikilvæg fyrir þroska þeirra.

Lykilreynsluþættirnir draga upp skýra mynd af félagslegum, vitsmunalegum og líkamlegum þroska barna. Þeir lýsa jafnframt því hvernig hugsanir og athafnir barna mótast, meðal annars með notkun tungumálsins, hreyfingu, samskiptum við aðra og þeim skilningi sem börn öðlast á heiminum.

Lykilreynsluþættirnir eru undirstaða þess að börn geti byggt upp og öðlast frekari þekkingu. Þeir lýsa þeim hugtökum og tengslum sem börn leitast við að skilja. Börn nýta sér lykilreynsluþættina ómeðvitað oft á dag í gegnum sjálfsprottinn og síendurtekinn leik alla leikskólagönguna. Ekki ber að líta á lykilreynsluþættina sem grundvöll beinnar kennslu, heldur sem námsferli sem nær yfir margra ára tímabil.

Lykilreynsluþættirnir eru til staðar í virku námsumhverfi þar sem börnin hafa val og fá tækifæri til að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Þau geta sótt, notað og skilað efniviði sjálf, átt samskipti við jafningja og fullorðna, upplifað fjölbreytta atburði, endurskoðað og rifjað upp hugmyndir sínar og athafnir, notað tungumálið á persónulegan og þýðingarmikinn hátt og fengið stuðning starfsfólks.

Lykilreynsluþættirnir lýsa þannig þeim uppgötvunum sem börn gera með eigin athöfnum á meðan þau leitast við að öðlast skilning á heiminum. Þeir eru einnig mikilvægir fyrir starfsfólk þar sem það hjálpar því að skilja börnin, styðja við getu hvers barns, efla félagslega færni þess og skipuleggja viðfangsefni sem hæfa getu og þroska hvers og eins.

Orðið „lykil“ vísar til þess að um sé að ræða þýðingarmikla þætti sem börn þurfa að læra og upplifa. Lykilreynsluþættirnir gegna lykilhlutverki í áframhaldandi námi og þátttöku barna í samfélaginu, þar sem þeir byggja bæði á þekkingu og hugsun.

Orðið „reynsla“ vísar til þess að börn þurfa að upplifa og læra af beinni reynslu. Þau þurfa að fá að upplifa hlutina á eigin skinni til að reynslan hafi þýðingu fyrir þau. Nám fylgir ákveðnu ferli og á sér oftast stað frá hinu einfalda til hins flókna. Þess vegna er mikilvægt að mæta hverju barni þar sem það er statt og vinna út frá styrkleikum þess.


Lykilreynsluþættirnir byggja á rannsóknum HighScope Educational Research Foundation og áratugalangri reynslu. Þeir eru í sífelldri endurskoðun og hægt er að vinna út frá þeim óháð því hvar í heiminum starfið fer fram. Starfsfólk Leikskóla FS hefur lykilreynsluþættina

til hliðsjónar í öllu starfinu, hvort sem það snýr að námsumhverfi, dagskipulagi, samskiptum, skipulagningu hópastarfs, samverustunda eða öðrum þáttum leikskólastarfsins.

# 2. Daglegt líf í Leikskóla FS

Leikurinn er undirstaða alls náms í leikskóla og því aðalkennslutæki Leikskóla FS.
Frjálsi leikurinn er „leikur leikjanna“ og eðlilegur þáttur í lífi hvers barns, jafn nauðsynlegur þroska þess og fæðan sem það nærist á. Nám barnsins grundvallast á leik og í leiknum þróar það með sér færni til að takast á við lífið og tilveruna.
Leikur á að vera ánægjulegur og gefandi og veita barninu tækifæri til að kynnast umhverfi sínu og öðrum þátttakendum í leiknum. Markmiðið er að börnin læri af reynslu, í gegnum leik og starf, og fáist við hlutina við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Mikilvægt er að viðfangsefnin séu ögrandi og veiti barninu aukinn þroska og þekkingu.
Nauðsynlegt er að gefa barninu tækifæri til að þróa frjálsa leikinn. Í frjálsum leik skapar barnið leikinn úr eigin hugarheimi, tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna.
Í leik er barnið einbeitt og upptekið af augnablikinu. Fjölþætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og þróa eigin leik, með eða án leikfanga og leikfélaga, er hverju barni nauðsynlegt.
Í öllu starfi Leikskóla FS er barnið í brennidepli. Gengið er út frá þroska þess og þörfum og stutt við áhugasvið hvers og eins. Markmiðið er að gera hvert barn virkt í eigin námi.

## 2.1 Dagskipulag




Dagskipulagið er stundaskrá leikskólans og innan þess raðast þau verkefni sem unnið er að með börnunum. Skipulagning og tímasetning daglegra venja gefur starfinu reglubundið og ákveðið form sem skapar öryggi og festu. Dagskipulagið tekur mið af aldri barnanna, þörfum þeirra og samsetningu barnahópsins.
Dagskipulagið þarf að styðja við virkt nám og frjálsan leik og gefa börnum, starfsfólki og foreldrum tilfinningu fyrir því hvað gerist næst. Þegar börnin vita hvað tekur við öðlast þau öryggi og sjálfstraust og læra að treysta því að dagurinn fylgi ákveðinni röð.

Á hverri deild er myndrænt dagskipulag á stað þar sem börnin sjá það vel. Þar eru notaðar myndir af börnunum í daglegu starfi eða tákn sem standa fyrir einstaka þætti dagsins. Börnin geta fylgst með dagskipulaginu og rætt um það sem er búið og það sem kemur næst.

Ef breytingar verða á hefðbundnu skipulagi dagsins er mikilvægt að láta börnin vita af því. Það getur til dæmis átt við ef útivera fellur niður vegna veðurs, hópastarf breytist eða sérstakur viðburður er á dagskrá.

Dagskipulagið þarf jafnframt að vera sveigjanlegt og einstaklingsmiðað. Börnin fá tækifæri til að velja innan einstakra þátta þess og starfsfólk nefnir það sem gerist næst. Þegar börnin fá tíma til að vega og meta valkosti, framkvæma það sem þau völdu, ljúka viðfangsefnum sínum, eiga samskipti við aðra og leysa úr vandamálum eflast sjálfstæði þeirra og frumkvæði.

## 2.2 Námsumhverfið

Umhverfið hefur mikil áhrif á leik, líðan og nám barna og því er lögð áhersla á að skipuleggja það vel. Deildunum er skipt upp í aðgengileg og vel afmörkuð svæði sem ýta undir fjölbreyttan leik. Nægilegt rými þarf að vera á hverju svæði svo börnin geti athafnað sig og gott flæði þarf að vera á milli svæða.




Svæðin hafa ákveðin heiti og eru merkt með táknum og orðum sem börnin eiga auðvelt með að þekkja og nýta, til dæmis kubbasvæði, leiksvæði, listasvæði, heimilissvæði og bókasvæði.

Til að efla frumkvæði og sjálfstæði barnanna er efniviðurinn hafður aðgengilegur þannig að þau geti, eftir aldri og getu, valið sér efnivið, nálgast hann, notað og gengið frá honum eins sjálfstætt og mögulegt er.

Við skipulag námsumhverfisins er lögð áhersla á að:

- Velja efnivið sem hæfir aldri og þroska barnanna
- Bjóða upp á fjölbreyttan efnivið og aðstæður sem gefa börnunum val
- Skipuleggja leiksvæði með áhuga og þarfir barnanna í huga
- Hafa efnivið í hæð barnanna þar sem því verður komið við
- Merkja efnivið og hirslur á skýran og skiljanlegan hátt
- Taka mið af ólíkum þörfum barnanna og fjölbreytileika barnahópsins

Merkingar styðja við málþroska og læsi barnanna og auðvelda þeim að taka sjálfstæðar ákvarðanir, nálgast efniviðinn og ganga frá honum.

Vel skipulagt námsumhverfi skapar skilyrði fyrir virkt nám á öllum sviðum þroska og náms. Ef upp kemur vandi, til dæmis vegna skorts á rými eða efniviði, styður starfsfólk börnin við að meta aðstæður, koma hugmyndum sínum á framfæri og leita lausna í sameiningu.

## 2.3 Leikskólarnir opna

Opnunartími og fyrirkomulag við upphaf dags eru ólík á starfsstöðvunum.

Á Sólgarði opnar leikskólinn kl. 7:45 og börnin mæta á sínar deildir. Morgunmatur er í boði frá kl. 8:00 til 8:50. Eftir þann tíma geta foreldrar setið með barninu við borðin á ganginum og gefið því að borða áður en það fer inn á deild.

Á Mánagarði opnar álman við Eggertsgötu 30–32 kl. 7:30 og koma börnin fyrst saman á Skessuskoti. Klukkan 8:00 opna aðrar deildir og börnin fara hvert á sína deild. Álman við Eggertsgötu 34 opnar kl. 8:00 og þar fara börnin beint á sínar deildir. Morgunmatur er borinn fram á deildum frá kl. 8:00 til 8:50.

## 2.4 Að koma og fara

Góð samskipti milli starfsfólks og foreldra eru mikilvæg fyrir nám, líðan og öryggi barnsins. Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni, bjóða því góðan daginn og ávarpa það með nafni.

Börn hafa ólíkar þarfir þegar þau kveðja foreldra sína. Mikilvægt er að virða tilfinningar þeirra og veita börnum og foreldrum þann tíma og stuðning sem þau þurfa. Viðbrögð barna geta verið mismunandi eftir aldri, þroska og aðstæðum og breyst frá einum degi til annars.

Í Leikskóla FS er lögð áhersla á að styðja börnin við aðskilnað frá foreldrum. Yngstu börnin tjá líðan sína ekki alltaf með orðum heldur meðal annars með gráti, hljóðum, svipbrigðum, hreyfingum eða því að leita í fang starfsfólks. Starfsfólk virðir og viðurkennir tilfinningar þeirra og styður þau við að tengjast umhverfinu, efniviðnum, öðrum börnum og starfsfólki.

Mikilvægt er að foreldrar kveðji barnið en hverfi ekki án þess að láta það vita. Ef barn á erfitt með að kveðja getur starfsmaður tekið á móti því úr fangi foreldris. Þannig fær barnið skýr skilaboð um að foreldrið treysti starfsfólkinu fyrir umönnun þess.

Í lok dags er barnið kvatt og foreldrum sagt frá degi þess eftir því sem við á. Þegar barn er sótt utandyra þurfa foreldrar að láta starfsfólk vita áður en farið er af leikskólalóðinni. Þannig er tryggt að barnið sé skráð farið og að starfsfólk fái tækifæri til að kveðja það.

## 2.5 Borðhald



Matmálstímar eru mikilvægur hluti af uppeldis- og menntunarstarfinu og veita tækifæri til samveru, samskipta og virkrar þátttöku. Lögð er áhersla á að þeir séu notalegar stundir þar sem öllum líður vel.

Börnin eru hvött til sjálfstæðis og taka þátt í borðhaldinu eftir aldri, þroska og getu. Starfsfólk matast með börnunum, er þeim góð fyrirmynd og styður þau við að tileinka sér góðar venjur við borðhald. Við matarborðið skapast jafnframt tækifæri til samtala um matinn, upplifanir barnanna og annað sem vekur áhuga þeirra.

Lögð er áhersla á hollan og fjölbreyttan mat og börnin eru hvött til að kynnast og smakka það sem boðið er upp á hvern dag.

Á Mánagarði á hver hópur sitt borð en börnin geta valið sér sæti við borð hópsins. Þau taka þátt í að leggja á borð og ganga frá eftir því sem þau ráða við. Á eldri deildum sækja þau sjálf diska, hnífapör og glös og ganga frá að máltíð lokinni.

Í borðhaldi yngstu barnanna er sérstaklega tekið mið af því hvernig þau læra með því að kanna og prófa sig áfram. Þau fá að snerta matinn, kanna áferð hans og æfa sig í að matast sjálf. Börn sem þurfa aðstoð við að matast geta til dæmis haft eigin skeið á meðan starfsmaður aðstoðar þau með annarri. Þannig öðlast þau reynslu og færni og verða smám saman sjálfstæðari við borðhaldið.

## 2.6 Morgunsöngur og skilaboðaskjóða

Morgunsöngur og skilaboðaskjóða eru hluti af dagskipulagi á báðum starfsstöðvum. Framkvæmd morgunsöngsins er þó ólík eftir skipulagi þeirra.

Á Sólgarði fer morgunsöngur fram á hverri deild fyrir sig. Á Mánagarði safnast börn og starfsfólk af öllum deildum saman í álmu yngri barnadeildanna kl. 9:15 á hverjum morgni. Deildirnar skiptast á að sjá um stundina.

Á deildunum eru söngmöppur með myndum sem tengjast lögunum og börnin taka þátt í að velja lögin sem sungin eru.





Skilaboðaskjóðan er notuð á báðum starfsstöðvum til að gera börnunum sýnilegt hvað er um að vera hverju sinni. Skilaboðin geta verið teikningar, tákn, orð, bókstafir eða tölustafir. Með þeim fá börnin upplýsingar um sérstaka atburði, nýjan efnivið, breytingar á dagskipulagi, fjarveru barna eða starfsfólks og annað sem getur haft áhrif á daginn. Börnin geta einnig komið með eigin skilaboð.

Farið er yfir skilaboðaskjóðuna með barnahópnum á hverri deild og börnin hvött til að „lesa“ skilaboðin saman. Þannig er stutt við málþroska, læsi, samræður, félagsfærni og skilning á tölum og táknum. Myndræn skilaboð hjálpa börnunum einnig að muna hvað stendur til og veita þeim aukið öryggi.

## 2.7 Val

Val er mikilvægur hluti af öllu starfi Leikskóla FS. Börnin fá tækifæri til að velja efnivið, viðfangsefni, leikfélaga og leiðir til að framkvæma hugmyndir sínar. Val þeirra getur birst í orðum, látbragði, hljóðum, bendingum eða athöfnum.



Á Mánagarði er val–leikstund–rifja upp, fastur og samfelldur hluti dagskipulagsins. Valið tekur að jafnaði um 10–15 mínútur. Börnin velja með hópnum sínum og starfsfólki og fjölbreyttar leiðir eru notaðar til að styðja þau við að segja frá því sem þau vilja gera. Þau geta valið munnlega, með látbragði, myndum eða leikmunum.

Barnið segir frá því sem það langar að gera og deilir hugmynd sinni með starfsfólki og hópnum. Starfsfólk hlustar, fylgist með og getur skráð val barnsins. Þannig upplifir barnið að hugmynd þess sé mikilvæg og að tekið sé eftir henni. Að valinu loknu fer barnið á það svæði sem það valdi og hefst handa.

Val yngstu barnanna birtist fyrst og fremst í leik þeirra, tjáningu og athöfnum yfir daginn. Starfsfólk fylgist með og bregst við vali þeirra, hvort sem þau tjá það með orðum, hljóðum, hreyfingum, augnaráði eða með því að nálgast tiltekinn efnivið eða einstakling. Þannig fá yngstu börnin einnig raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á leik sinn og daglegt starf.

## 2.8 Leikstund

Leikstund er sá hluti dagsins þegar börnin fylgja eigin áhuga, framkvæma hugmyndir sínar, kanna efnivið og eiga samskipti við önnur börn og starfsfólk. Leikstundin er kjarninn í HighScope-starfinu.

Í öruggu og vel skipulögðu umhverfi, þar sem börnin hafa aðgang að fjölbreyttum efniviði og nægu rými, fá þau tækifæri til að fylgja eigin frumkvæði. Þau spyrja spurninga, meðhöndla efnivið, gera tilraunir og ræða eða sýna öðrum hvað þau eru að gera.

Í leikstund gefast fjölbreytt tækifæri til félagslegra samskipta. Börnin leika ein, hlið við hlið eða saman og fylgjast með og herma hvert eftir öðru. Þau efla samskiptafærni sína, kynnast eigin getu og leita lausna á þeim viðfangsefnum sem verða á vegi þeirra.



Hjá eldri börnunum hefst leikstundin að loknu formlegu vali. Þau hefja því leikinn með hugmyndir sem þau fá tíma til að þróa og framkvæma. Í leikstundinni öðlast þau nýja þekkingu og auka skilning sinn á stærðfræði, vísindum, listum, tónlist og öðrum sviðum. Leikstund yngri barnanna tekur mið af því hvernig þau kanna heiminn.

Börn sem eru ekki farin að færa sig sjálf úr stað velja úr efniviði sem starfsfólk hefur komið fyrir hjá þeim og kanna hann með líkamanum og öllum skynfærum sínum. Börn sem eru farin að skríða eða ganga hafa aukið svigrúm til að færa sig á milli svæða og velja sér efnivið og leikfélaga.

Leikur barnanna þróast og verður fjölbreyttari eftir því sem reynsla þeirra og færni eykst. Þau fara meðal annars að stafla, raða, byggja, leika með farartæki, skoða bækur, skapa myndverk, klæða sig í búninga og taka þátt í hlutverkaleik. Um leið þróast félagsleg samskipti þeirra og þau sýna öðrum börnum áhuga, umhyggju og samkennd.

## 2.9 Hlutverk starfsfólks í leikstund

Starfsfólk eru virkir þátttakendur í leikstundinni og eru til staðar fyrir börnin bæði líkamlega og tilfinningalega. Það virðir þörf þeirra fyrir að kanna umhverfið og efniviðinn á eigin hraða og tekur þátt í leiknum á forsendum þeirra.

Starfsfólk fylgist með börnunum til að kynnast áhuga þeirra, styrkleikum, tjáningu og náms- og sköpunarferli. Athuganir þess nýtast við að styðja hvert barn og skipuleggja áframhaldandi starf með barnahópnum.

Í leik yngri barnanna er sérstök áhersla lögð á návist starfsfólks. Starfsfólk leitast við að vera í hæð barnanna, til dæmis með því að sitja eða liggja á gólfinu, og fylgist náið með því sem þau gera og tjá. Þannig fær starfsfólk betri innsýn í sjónarhorn barnanna og getur betur skilið og stutt við leik þeirra.

Starfsfólk styður félagsleg samskipti barnanna og hjálpar þeim að mynda jákvæð tengsl. Árekstrar og deilur eru jafnframt námstækifæri. Starfsfólk styður börnin við að tjá tilfinningar sínar, átta sig á vandanum og leita lausna í stað þess að leysa vandann fyrir þau.

## 2.10 Að taka saman



Börn þurfa að fá tíma til að ljúka þeim viðfangsefnum sem þau eru upptekin af. Því er þeim gefin viðvörun áður en tiltekt hefst svo þau geti lokið leik sínum eða fundið góðan stað fyrir verk sem þau vilja halda áfram með síðar.

Tiltekt er hluti af leik og námi. Börnin taka þátt eftir aldri og getu og starfsfólk gengur frá með þeim. Mikilvægt er að starfsfólk sé jákvætt, sýni þolinmæði og geri ráð fyrir að börnin taki þátt með ólíkum hætti.

Skýrar og skiljanlegar merkingar á hillum, kössum og hirslum auðvelda börnunum að nálgast efniviðinn og ganga frá honum. Þegar þau geta unnið þessi verk sjálf styrkir það sjálfstæði þeirra og frumkvæði.

Á báðum starfsstöðvum eru notaðar sex ólíkar gerðir merkinga á hverju svæði og hillur og kassar merktir með samræmdum hætti.

Í starfi með yngri börnunum er tekið mið af því að tiltekt tengist áhuga þeirra á að fylla og tæma, flokka og færa hluti. Áhersla er lögð á þátttöku þeirra í ferlinu fremur en að frágangurinn verði fullkominn.

## 2.11 Að rifja upp

Hjá eldri börnunum er formleg upprifjun hluti af val–leikstund–rifja upp. Að leikstund lokinni hittist sami barnahópur aftur með þeim starfsmanni sem var með honum í valinu og rifjar upp það sem börnin gerðu.

Starfsfólk hlustar á börnin og ræðir við þau um leikstundina. Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við upprifjun, líkt og í valinu. Tilgangurinn er að hjálpa börnunum að ígrunda námsferlið, auka orðaforða þeirra og setja orð á athafnir sínar og uppgötvanir.

Með upprifjuninni tengja börnin saman val sitt og það sem þau gerðu í leikstundinni. Starfsfólk notar meðal annars opnar spurningar og efnivið til að styðja þau við að hugsa til baka og deila reynslu sinni með öðrum.

Hjá yngri börnunum fer upprifjunin aðallega fram í samskiptum við starfsfólk meðan á leik stendur og eftir hann. Starfsfólk setur orð á athafnir barnanna, bregst við tjáningu þeirra og rifjar upp með þeim það sem þau gerðu og upplifðu.

## 2.12 Hópastarf

Hópastarf fer fram í fámennum hópum og veitir börnunum tækifæri til að kanna efnivið, gera tilraunir, ræða uppgötvanir sínar og leysa vandamál sem koma upp.



Áhugi barnanna er hafður að leiðarljósi þegar hópastarfið er skipulagt. Starfsfólk kynnir efniviðinn en börnin velja hvernig þau nota hann og vinna með hann á eigin forsendum. Hvert barn fær efnivið til eigin nota og er hvatt til að kanna hann í samræmi við áhuga sinn og getu.

Í hópastarfi hittist sami barnahópur að jafnaði með sama starfsmanni. Nándin í hópnum skapar mörg tækifæri til samskipta og tjáningar. Börnin fylgjast hvert með öðru, deila hugmyndum, ræða eigin verk og verk annarra og hjálpast að.

Áhersla er lögð á ferlið, námið, samskiptin og uppgötvanirnar fremur en fyrir fram ákveðinn afrakstur.

Hópastarf yngstu barnanna er lagað að aldri þeirra, þroska og úthaldi. Börnin geta valið hvort og hversu lengi þau taka þátt. Sum taka virkan þátt um stund en önnur fylgjast með og fara síðan að kanna eitthvað annað. Eftir því sem börnin eldast eykst geta þeirra til að taka þátt í lengri og flóknari viðfangsefnum.

## 2.13 Hvíld

Börn þurfa hvíld frá erli dagsins og er tekið mið af aldri, svefnþörf og líðan hvers barns. Hvíld er hluti af dagskipulagi á öllum deildum en tímasetning og fyrirkomulag hennar tekur mið af þörfum barnanna.

Yngstu börnin sofa eftir þörfum. Fjöldi, tímasetning og lengd svefnstunda getur verið mismunandi eftir aldri og hverju barni. Starfsfólk virðir ólíkar leiðir barnanna til að sofna og vakna og kemur til móts við þarfir þeirra eftir því sem unnt er. Eftir því sem aðstæður leyfa fá börnin að velja sér dýnu eða stað í hvíldinni.

Börn sem ekki sofa fá tækifæri til rólegrar hvíldar, að jafnaði eftir hádegisverð. Þau geta legið eða setið, hlustað á sögu eða tónlist og haft hjá sér rólegan efnivið, svo sem bækur eða mjúkan efnivið.

## 2.14 Fataklefinn

Fataklefinn er hluti af daglegu starfi leikskólans þar sem skapast góð tækifæri til samtala, málörvunar og eflingar sjálfstæðis. Börnin fara í litlum hópum í fataklefann svo hvert barn fái þann tíma og stuðning sem það þarf. Þar æfa þau sig í að klæða sig, ganga frá fötum sínum og hjálpa hvert öðru eftir getu og þroska. Þannig eflast sjálfstæði þeirra, sjálfsmynd og frumkvæði.

Hólf barnanna eru merkt svo auðvelt sé fyrir þau að þekkja og finna sitt hólf. Á Sólgarði eru hólfin merkt með mynd af hverju barni. Á Mánagarði eru notaðir stafahlekkir ásamt mynd af barninu.

Starfsfólk gætir þess að klæðnaður barnanna hæfi veðri og hindri ekki hreyfingar þeirra í leik. Jafnframt er tekið mið af því að börn eru misjafnlega heitfeng eða kulsækin. Foreldrar sjá til þess að nægur aukafatnaður sé til staðar og tæma hólf barnanna í lok hverrar viku.

## 2.15 Útivera og vettvangsferðir



Mikil áhersla er lögð á útiveru á báðum starfsstöðvum. Leiksvæðin eru nýtt fyrir sjálfsprottinn leik og fjölbreytt útileikföng og leiktæki styðja við alhliða þroska barnanna. Í görðunum mæta börnin fjölbreyttum áskorunum, svo sem ólíku undirlagi, brekkum, sandi, steinum og hellum. Þau fá tækifæri til að taka ákvarðanir um hvað þau vilja gera og prófa hreyfigetu sína á eigin forsendum.

Í nágrenni starfsstöðvanna eru fjölbreytt útivistarsvæði, svo sem hólar, hæðir, fjara og mýri, sem skapa tilbreytingu í námi og leik barnanna.



Vettvangsferðir eru sérstaklega mikilvægur hluti af starfi eldri barnanna. Í þeim öðlast börnin reynslu og þekkingu á nær umhverfi sínu, læra um umferðarreglur, kynnast samfélaginu og upplifa sig sem hluta af hópnum. Vettvangsferðir geta einnig tengst menningarstarfi, svo sem heimsóknum á bókasöfn, söfn, tónleika og leiksýningar.

## 2.16 Samverustundir

Í samverustund verður til lítið samfélag þar sem börnin upplifa að þau tilheyri hópnum. Þau fá tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri, til dæmis með tillögum að lögum, leikjum, hreyfingu eða öðrum viðfangsefnum, og verða þannig virkir þátttakendur í stundinni.



Börnin fá að nota líkama sinn, efnivið, hljóðfæri og fjölbreyttar tjáningarleiðir. Þau geta haft áhrif á hvernig þau hreyfa sig, hvaða lög eru sungin og hvaða saga er sögð eða leikin.

Samverustundir styðja við félags- og málþroska barnanna, skapandi tjáningu þeirra og tilfinningu fyrir því að tilheyra hópnum.

## 2.17 Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Þau fá stuðning við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur á þann hátt að sjálfstæði þeirra og jákvætt viðhorf til eigin líkama eflist.

Bleyjuskipti, fataskipti, handþvottur og salernisferðir eru jafnframt tækifæri til samskipta, náms og þátttöku. Við bleyjuskipti fær barnið óskipta athygli starfsmanns og skapast þannig tækifæri til að byggja upp traust og öryggi.

Starfsfólk notar lýsandi tungumál og segir barninu frá því sem er að gerast. Barnið fær að taka þátt eftir aldri og getu, til dæmis með því að halda á bleyju, rétta starfsmanni hluti eða hjálpa til við að fara úr og í föt. Þannig fær það aukna tilfinningu fyrir stjórn og verður smám saman sjálfstæðara.

## 2.18 Afmæli



Haldið er upp á afmæli barnanna í báðum leikskólunum og afmælissöngurinn sunginn. Foreldrum stendur til boða að koma með ávexti fyrir barnahópinn. Hjá eldri börnum velur afmælisbarnið hvað gert verður í samverustund í tilefni dagsins.

## 2.19 Hefðir og hátíðir

Hefðir og hátíðir eru mikilvægur hluti af menningu Leikskóla FS. Þær skapa eftirvæntingu, styrkja tengsl og gefa börnum, fjölskyldum og starfsfólki tækifæri til að eiga ánægjulegar stundir saman. Sumar hefðir eru sameiginlegar Sólgarði og Mánagarði en aðrar hafa þróast með ólíkum hætti á starfsstöðvunum.

Börnin taka þátt í undirbúningi eftir aldri og þroska og fá tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Framkvæmd hefðanna getur breyst frá ári til árs og tekur mið af barnahópnum, fjölbreyttum bakgrunni fjölskyldna og aðstæðum á hvorri starfsstöð.

### 2.19.1 Tilbreytingardagar

Á Mánagarði eru stundum haldnir tilbreyting dagar, gjarna eftir óskum barna. Meðal annars hafa verið haldnir náttfata, búninga- og bangsadagar. Þá hafa eldri börnin einnig

haldið spila- og vasaljósadaga sem dæmi. Með þátttöku í undirbúningi og vali fá börnin tækifæri til að hafa áhrif á daglegt starf og leikskólasamfélagið.

### 2.19.2 Aðventan

Á báðum starfsstöðvum er foreldrum og öðrum aðstandendum boðið í jólakaffi. Þar er boðið upp á heitt kakó og piparkökur og lögð áhersla á notalega samveru barna, fjölskyldna og starfsfólks.
Á Mánagarði er einnig haldin jólagleði í desember. Börn og starfsfólk koma saman, syngja jólalög og eiga notalega stund. Sú hefð hefur skapast að jólasveinn komi í heimsókn með gjafir fyrir deildarnar.

### 2.19.3 Þorri og dagar tengdir íslenskum hefðum

Þorrablót er haldið á báðum starfsstöðvum en framkvæmdin er ólík. Á Mánagarði hefur meðal annars verið unnið með víkingaþema þar sem börnin búa til hjálma, sverð og skildi. Börnin mega mæta í þjóðlegum fatnaði og boðið hefur verið upp á kjötsúpu. Á Sólgarði hefur verið boðið upp á grjónagraut og slátur í tilefni bóndadags.
Haldið er upp á bolludag, sprengidag og öskudag á báðum starfsstöðvum. Á bolludag er meðal annars boðið upp á bollur og á Mánagarði hafa börnin jafnframt búið til bolluvendi. Á sprengidag er hefð fyrir saltkjöti og baunum.
Á öskudag er haldinn búninga- eða náttfatadagur. Á Mánagarði útbýr hver deild einnig sína eigin „tunnu“ með innihaldi og útfærslu sem hæfir aldri barnanna og aðstæðum á deildinni.

### 2.19.4 Útskrift og útskriftarferð elstu barnanna á Mánagarði

Á Mánagarði hefur skapast sú hefð að elstu börnin fari í útskriftarferð. Börnin taka þátt í undirbúningi ferðarinnar og dagskráin tekur mið af hugmyndum þeirra og skipulagi hverju sinni.
Leikskólagöngu þeirra lýkur með hátíðlegri útskriftarathöfn þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að fagna tímamótunum með börnunum. Rifjuð er upp dvöl barnanna í leikskólanum og þeim afhent mappa með verkum, skráningum og minningum frá leikskólagöngunni. Börnin taka jafnframt þátt í að ákveða hvernig staðið er að veitingum og öðrum undirbúningi athafnarinnar.

### 2.19.5 Sumarhátíð

Sumarhátíð er haldin á báðum starfsstöðvum í júní. Börnum, foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að koma saman og fagna sumrinu.

Dagskráin getur meðal annars falist í söng, leikjum og skemmtiatriðum. Á Mánagarði hafa einnig verið hoppukastalar og brekkusöngur. Fyrirkomulag hátíðanna tekur mið af aðstæðum og skipulagi hvers árs og er kynnt fjölskyldum með hæfilegum fyrirvara.

# 3. Réttindi barna, þátttaka og inngilding

Virðing fyrir hugmyndum, þörfum og sjónarmiðum barna er mikilvægur þáttur HighScope-stefnunnar. Börnin eru virkir þátttakendur í starfinu og fá tækifæri til að velja, setja fram hugmyndir, leita lausna og hafa áhrif á daglegt líf sitt.

## 3.1 Lýðræði, þátttaka og mannréttindi

Þátttaka barna felst ekki eingöngu í því að velja milli fyrir fram ákveðinna kosta. Starfsfólk hlustar á þau, fylgist með áhuga þeirra og tekur sjónarmið þeirra til skoðunar við skipulagningu starfsins. Börn tjá sig með ólíkum hætti eftir aldri og þroska, meðal annars með orðum, augnaráði, svipbrigðum, hreyfingum, bendingum og athöfnum. Þannig geta yngstu börnin einnig haft raunveruleg áhrif.

Í samskiptum og leik læra börnin að hlusta á sjónarmið annarra, miðla málum og taka þátt í að finna sameiginlegar lausnir. Öll börn eiga rétt á að tilheyra samfélagi leikskólans og taka þátt á eigin forsendum. Starfsfólk ber ábyrgð á að skapa öruggan ramma um þátttöku barnanna og gæta þess að réttindi allra séu virt.

## 3.2 Jafnrétti

Jafnrétti felur í sér að öll börn séu metin að verðleikum og fái jöfn tækifæri til þátttöku, leiks og náms. Í HighScope er unnið út frá styrkleikum hvers barns og því mætt þar sem það er statt.

Starfsfólk tekur mið af aldri, þroska og þörfum barnanna og skipuleggur umhverfi og viðfangsefni þannig að öll geti tekið virkan þátt. Fjölbreytileiki barnahópsins er virtur og lögð áhersla á umburðarlyndi, sanngirni og virðingu í samskiptum.

## 3.3 Inngildandi leikskólastarf

Í Leikskóla FS er lögð áhersla á inngildandi leikskólastarf þar sem fjölbreytileiki barnahópsins er viðurkenndur og virtur. Öll börn eiga rétt á að tilheyra samfélagi leikskólans, taka virkan þátt í leik og námi og fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum. Inngildandi starf felur í sér að námsumhverfi, efniviður, samskipti og skipulag taki mið af ólíkum styrkleikum, áhuga og þörfum barnanna. Starfsfólk leitast við að koma auga á og draga úr þeim hindrunum sem geta takmarkað þátttöku barna og aðlaga starfshætti og umhverfi eftir því sem þörf er á.

HighScope-stefnan styður við inngildandi starf með áherslu sinni á virkt nám, val, frumkvæði og jákvæð samskipti. Efniviður er aðgengilegur börnunum og vinna í litlum

hópum, meðal annars í vali og hópastarfi, skapar svigrúm til að mæta hverju barni og styðja það í samskiptum, leik og námi.

Nánar er fjallað um einstaklingsmiðaðan stuðning og samstarf við fagaðila í kafla 7.

Ábyrgð á inngildandi starfi er sameiginleg. Allt starfsfólk ber ábyrgð á að skapa aðstæður þar sem börn upplifa öryggi og virðingu, finna að þau tilheyra samfélaginu og fá þann stuðning sem þau þurfa til að taka þátt. Samstarf við foreldra er þar mikilvægur þáttur þar sem þekking þeirra á barninu og reynsla starfsfólksins mynda sameiginlegan grunn að ákvörðunum um nám, velferð og stuðning barnsins.

# 4. Námssvið og grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þeir fléttast inn í allt starf Leikskóla FS og birtast meðal annars í leik, samskiptum, daglegri umönnun, hópastarfi, vali og skipulagi námsumhverfisins.

Námssvið leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi og sköpun og menning. Námssviðin tengjast og skarast og eru samofin daglegu starfi leikskólans. Innan þeirra er meðal annars unnið með hreyfingu, mál og samskipti, sköpun, tónlist, náttúru og umhverfi, menningu og samfélag.

Lykilreynsluþættir HighScope, sem fjallað er um í kafla 1.8, styðja við námssviðin og birtast í leik og daglegu starfi barnanna.

## 4.1 Læsi og samskipti

Læsi felur í sér að geta skilið, túlkað og skapað merkingu með fjölbreyttum hætti, meðal annars með tungumáli, myndum, táknum, hreyfingu og samskiptum. Í Leikskóla FS fléttast læsi inn í leik, daglegar venjur og samskipti barnanna. Í frumbernsku er lagður grundvöllur að málþroska barna og mikilvægt er að mál og málörvun séu samofin öðrum uppeldis- og námsþáttum.

Í HighScope-umhverfi eru dagskipulag, leiksvæði og efniviður merkt með myndum, táknum og orðum sem börnin skilja. Þannig læra þau að lesa í umhverfið, átta sig á því hvað gerist næst og nálgast og ganga frá efniviði með auknu sjálfstæði. Starfsfólk nýtir dagleg tækifæri til samtala, les fyrir börnin, segir sögur og hlustar á hugmyndir þeirra og reynslu. Börnin hafa aðgang að bókum, skriffærum og skapandi efniviði og fá að tjá sig á eigin forsendum.




## 4.2 Heilbrigði og vellíðan

Í Leikskóla FS er litið á heilbrigði og vellíðan sem samspil líkamlegra, andlegra og félagslegra þátta. Daglegt starf styður við heilbrigðar venjur með fjölbreyttri hreyfingu, útiveru, næringu, hvíld og hreinlæti. Jafnframt er lögð áhersla á öruggt umhverfi, góð samskipti og að börnin upplifi að þau tilheyri samfélagi leikskólans.

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Í leikskólanum er hreyfiþörf þeirra virt og þau fá tækifæri til að þekkja og skynja líkama sinn. Starfsfólk hlustar á börnin, viðurkennir tilfinningar þeirra og styður þau við að tjá þarfir sínar, takast á við áskoranir og finna lausnir. Námsumhverfið býður bæði upp á hreyfingu og virkan leik og tækifæri til hvíldar og næðis.

## 4.3 Sjálfbærni og vísindi

Kynni barnanna af náttúrunni eru þýðingarmikil. Útivera og gönguferðir gefa þeim tækifæri til að kanna nánasta umhverfi sitt og upplifa veður, árstíðir og breytingar í náttúrunni. Þau rannsaka fjölbreyttan efnivið, svo sem vatn, snjó, sand, steina, lauf og köngla, og nýta hann meðal annars í leik og skapandi starfi.

Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og umhverfi sínu. Þau fá að kanna, rannsaka, bera saman, flokka og gera tilraunir með náttúrulegan og manngerðan efnivið. Þessi beina reynsla samræmist áherslu HighScope á virkt nám, rannsóknir og uppgötvanir barnanna.

## 4.4 Sköpun og menning



Sköpun er samofin leik og námi barnanna og birtist meðal annars í hugmyndum þeirra, lausnaleit, hreyfingu, myndsköpun, tónlist, tungumáli og hlutverkaleik. Í HighScope-umhverfi hafa börnin aðgang að fjölbreyttum og opnum efniviði sem þau geta valið og notað á eigin forsendum. Áhersla er lögð á frumkvæði, hugmyndaflug og sköpunarferlið fremur en fyrir fram ákveðna lokaafurð.

Börnin kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Stutt er við sjálfsprottinn söng þeirra og tilraunir með ólíka hljóðgjafa. Hefðir starfsstöðvanna eru einnig hluti af menningu Leikskóla FS og er þeim lýst í kafla 2.19.

# 5. Mat á leik, námi og velferð barna

Mat á leik, námi og velferð barna er samofið daglegu starfi Leikskóla FS. Tilgangur þess er að öðlast betri skilning á áhuga, styrkleikum, færni, námi og líðan hvers barns og nýta þær upplýsingar til að styðja áframhaldandi nám þess og þátttöku.

## 5.1 Aðferðir við mat

Leikur er meginleið barna til náms og því fylgist starfsfólk með því hvernig börnin leika, eiga samskipti, tjá hugmyndir sínar, takast á við áskoranir og nýta efnivið og námsumhverfi. Upplýsingum er safnað á fjölbreyttan hátt, meðal annars með athugunum, samtölum, uppeldisfræðilegum skráningum, frásögnum barna, ljósmyndum og verkum þeirra. Tekið er mið af því að börn tjá reynslu sína, áhuga og líðan með ólíkum hætti, bæði með orðum og án þeirra.

Þegar við á eru notuð skimunar- og matstæki, svo sem TRAS, EFI-2, HLJÓM-2 og LANIS. Val á aðferðum og matstækjum tekur mið af aldri, þroska, tungumálabakgrunni og þörfum barnsins. Slík matstæki standa aldrei ein og sér heldur eru niðurstöður þeirra skoðaðar ásamt athugunum starfsfólks, upplýsingum frá foreldrum og heildstæðri sýn á barnið.

## 5.2 Nýting niðurstaðna

Niðurstöður mats eru nýttar til að skipuleggja námsumhverfi, hópastarf, málörvun og annan stuðning. Starfsfólk ígrundar skráningar og athuganir á deildarfundum og metur hvort breytinga sé þörf á efniviði, skipulagi eða starfsháttum. Þegar þörf er á einstaklingsmiðuðum stuðningi eru markmið og leiðir skipulögð í samstarfi við foreldra og viðeigandi fagaðila eftir því sem við á.

## 5.3 Þátttaka barna og foreldra

Börnin taka þátt í matsferlinu í samræmi við aldur, þroska og tjáningarmáta. Þau fá tækifæri til að segja frá, rifja upp, skoða verk sín og skráningar og koma á framfæri því sem þeim finnst mikilvægt. Hjá yngstu börnunum byggist þátttakan meðal annars á því að starfsfólk fylgist með vali þeirra, líðan, viðbrögðum, hreyfingum og öðrum tjáningarleiðum og bregst við þeim.

Foreldrar eru mikilvægir samstarfsaðilar við mat á námi og velferð barnsins. Upplýsingum er miðlað í daglegum samskiptum og foreldraviðtölum og foreldrar veita jafnframt upplýsingar um reynslu, áhuga og líðan barnsins heima. Með þessu skapast heildstæðari mynd af barninu og betri forsendur til að styðja við það.

Farið er með upplýsingar og skráningar um börnin af trúnaði og samkvæmt reglum um meðferð og varðveislu persónuupplýsinga.

# 6. Fjölskyldur og leikskólinn

Samstarf fjölskyldna og leikskóla hefst þegar barn byrjar í leikskólanum og heldur áfram í daglegum samskiptum allan dvalartíma þess. Hér er fjallað um aðlögun barna, upplýsingamiðlun, foreldraviðtöl og þátttöku foreldra í leikskólasamfélaginu. Einnig eru teknar saman hagnýtar upplýsingar um leikskóladvölina.

## 6.1 Aðlögun

Í aðlögun er lagður grunnur að öryggi og vellíðan barnsins og góðu samstarfi milli fjölskyldu og leikskóla. Á aðlögunartímanum fær barnið tækifæri til að kynnast starfsfólki, öðrum börnum, námsumhverfi og daglegu skipulagi leikskólans. Foreldrar kynnast jafnframt starfsháttum deildarinnar og miðla upplýsingum um þarfir, venjur, áhuga og líðan barnsins.

Þarfir barna eru ólíkar og því er aðlögunin skipulögð í samráði við foreldra og með hliðsjón af þörfum barnsins og aðstæðum fjölskyldunnar eftir því sem unnt er. Aðlögunin tekur oftast fimm virka daga en getur verið styttri eða lengri eftir því hvernig barninu gengur að mynda tengsl og öðlast öryggi í nýju umhverfi.

Þegar barn flyst á milli deilda er lögð áhersla á samfellu og að breytingin sé undirbúin með þarfir barnsins að leiðarljósi. Starfsfólk vinnur saman að því að miðla nauðsynlegum upplýsingum og styðja barnið og foreldra þess í breytingunni.

## 6.2 Foreldrasamstarf

Gott samstarf við foreldra er mikilvægur þáttur í starfi Leikskóla FS og byggist á trausti, virðingu og gagnkvæmri upplýsingagjöf. Foreldrar búa yfir mikilvægri þekkingu á börnum sínum og með samstarfi þeirra og starfsfólks skapast betri forsendur til að stuðla að námi, vellíðan og farsæld hvers barns.

Markmið foreldrasamstarfsins er:

- Að stuðla að góðum samskiptum milli fjölskyldna og leikskólans,
- Að tryggja gagnkvæmt og reglulegt upplýsingaflæði,
- Að veita foreldrum innsýn í nám og daglegt starf barnanna,
- Að skapa foreldrum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka þátt í leikskólasamfélaginu.

## 6.3 Dagleg samskipti og upplýsingamiðlun

Dagleg samskipti við komu og brottför barna eru mikilvægur hluti foreldrasamstarfsins. Þar gefst foreldrum og starfsfólki tækifæri til að skiptast á upplýsingum sem varða líðan barnsins, reynslu þess og daglegt líf.

Samskipti og upplýsingamiðlun fara einnig fram í gegnum rafrænt samskiptakerfi leikskólans. Þar geta foreldrar og starfsfólk meðal annars miðlað skilaboðum, tilkynningum og upplýsingum um daglegt starf. Upplýsingar um skólastarfið eru jafnframt birtar á vefsíðu leikskólans og með fréttabréfum eftir því sem við á.

Árlega er gefið út skóladagatal með upplýsingum um helstu viðburði, skipulagsdaga og annað sem varðar starfsemi skólaársins.

Leitast er við að upplýsingar séu skýrar og aðgengilegar. Þegar foreldrar tala ekki íslensku eða nota táknmál er leitast við að tryggja túlkun á nauðsynlegum upplýsingum.

## 6.4 Foreldrafundir og foreldraviðtöl

Fræðslufundir eru haldnir eftir því sem við á og upplýsingar um þá kynntar foreldrum hverju sinni.

Skipulögð foreldraviðtöl eru haldin einu sinni á skólaári. Í viðtölunum er rætt um líðan barnsins, áhuga þess, styrkleika, þátttöku í leikskólastarfinu og áframhaldandi nám. Foreldrar og starfsfólk geta jafnframt óskað eftir samtali hvenær sem þörf er á.

## 6.5 Foreldraráð og foreldrafélög

Við Leikskóla FS starfar eitt foreldraráð með fulltrúum foreldra frá báðum starfsstöðvum. Hlutverk foreldraráðs er að veita umsögn um skólanámskrá, starfsáætlun og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið fylgist jafnframt með framkvæmd og kynningu þessara áætlana og veitir umsögn um meiri háttar breytingar á leikskólastarfinu.

Tvö foreldrafélög starfa við Leikskóla FS, eitt á Sólgarði og annað á Mánagarði. Foreldrafélögin styðja við félagslíf og samfélag hvorrar starfsstöðvar og koma að ýmsum viðburðum og verkefnum í samstarfi við foreldra og starfsfólk.

Nánari upplýsingar um skipan foreldraráðs og starf foreldrafélaganna eru birtar í starfsáætlun og á upplýsingamiðlum leikskólans.

## 6.6 Hagnýt atriði í leikskóladvölinni

Gott samstarf og skýr upplýsingamiðlun milli heimilis og leikskóla stuðlar að öryggi og vellíðan barnsins. Hér er fjallað um nokkur hagnýt atriði sem mikilvægt er að foreldrar og starfsfólk séu samstíga um.

**Fatnaður**

Veðurfar á Íslandi er breytilegt og mikilvægt er að fatnaður barnanna taki mið af veðri og daglegu starfi leikskólans. Útivera er hluti af leikskólastarfinu og þurfa börnin því að hafa viðeigandi fatnað og skófatnað meðferðis.

Útiföt eru geymd í töskum eða hólfum í fataklefa og aukaföt í körfum eða hólfum barnanna. Foreldrar eru beðnir um að fara reglulega yfir fatnaðinn og bæta við þegar föt hafa verið notuð eða send heim.

Mikilvægt er að merkja allan fatnað vel. Það auðveldar starfsfólki að koma óskilafötum til skila og dregur úr líkum á að fatnaður glatist. Á Mánagarði eru ekki geymd sérstök lánsföt og því getur þurft að hafa samband við foreldra ef barn vantar nauðsynlegan fatnað.

**Öryggishlutir og leikföng að heiman**

Börn mega koma með hlut að heiman sem veitir þeim öryggi, sérstaklega þegar þau eru ung, nýbyrjuð eða að aðlagast breyttum aðstæðum.

Á Mánagarði mega börnin jafnframt koma með bækur í leikskólann. Önnur leikföng eiga að jafnaði að vera heima nema sérstaklega sé óskað eftir þeim eða auglýstur tilbreytingardagur.

Leikskóli FS ber ekki ábyrgð á leikföngum eða öðrum persónulegum munum sem komið er með að heiman.

**Veikindi, lyfjagjöf og fjarvistir**

Leikskólinn er ætlaður börnum sem eru nægilega hraust til að taka þátt í öllu daglegu starfi, jafnt úti sem inni. Veikist barn í leikskólanum er haft samband við foreldra og óskað eftir að það verði sótt.

Barn með smitandi veikindi skal vera heima þar til smithætta er liðin hjá. Mikilvægt er að barnið fái tíma til að jafna sig og mæti aftur þegar því líður vel og það er orðið nægilega hraust til að taka þátt í daglegu starfi leikskólans.

Að jafnaði er miðað við að barnið hafi verið hitalaust í að minnsta kosti 24 klukkustundir án hitalækkandi lyfja og ekki verið með niðurgang eða uppköst í að minnsta kosti 48

klukkustundir. Jafnframt er tekið mið af eðli veikindanna og leiðbeiningum heilbrigðisyfirvalda.

Útivera er mikilvægur hluti leikskólastarfsins og ekki er að jafnaði boðið upp á að barn sé inni til að fyrirbyggja veikindi ef það er nægilega hraust til að mæta. Eftir veikindi getur þó, eftir aðstæðum og í samráði við starfsfólk, verið hægt að stytta útiveru barns tímabundið. Æskilegast er að lyfjagjöf fari fram á heimili barnsins.

Ef nauðsynlegt er að gefa barni lyf í leikskólanum skal fylgja gildandi verklagi Leikskóla FS og fyrirmælum heilbrigðisstarfsfólks.

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna fjarveru barns í Kinderpedia og upplýsa starfsfólk um atriði sem geta haft áhrif á líðan þess eða þátttöku í leikskólastarfinu.

**Dvalartími og þegar börn eru sótt**

Foreldrar eru beðnir um að virða umsaminn dvalartíma barnsins. Óskir um breytingar á dvalartíma skulu berast stjórnendum eða deildarstjóra samkvæmt gildandi verklagi Leikskóla FS.

Láta þarf starfsfólk vita ef annar aðili en foreldri eða skráður forráðamaður sækir barnið. Upplýsingarnar þurfa að berast frá foreldrum eða forráðamönnum barnsins.

Opnunartímar starfsstöðvanna og upplýsingar um dvalartíma koma fram í inngangskafla skólanámskrárinnar og í gildandi dvalarsamningi barnsins.

# 7. Fjöltyngi og stuðningur við börn

Í Leikskóla FS er litið á fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn barna og fjölskyldna sem auðlind. Lögð er áhersla á að öll börn og fjölskyldur upplifi virðingu, viðurkenningu og að þau tilheyri samfélagi leikskólans. Námsumhverfi, efniviður og starfshættir eiga eftir því sem kostur er að endurspegla tungumál, menningu og fjölskyldugerðir barnahópsins.

## 7.1 Fjöltyngi og menningarlegur fjölbreytileiki

afBörn sem alast upp við fleiri en eitt tungumál fá markvissa málörvun í íslensku samhliða því að fjöltyngi þeirra og móðurmál eru metin og virt. Í daglegu starfi eru ný orð og hugtök tengd við leik, athafnir, upplifun og reynslu barnanna. Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til samskipta og málörvunar, svo sem samtöl, lestur, söngur, myndir, tákn, leikur og endurtekning.

Málörvun er á ábyrgð alls starfsfólks og fer fram allan leikskóladaginn. Starfsfólk styður börnin við að tjá þarfir sínar, hugmyndir og tilfinningar og taka virkan þátt í leik og samskiptum. Tekið er mið af aldri, þroska, styrkleikum og tungumálabakgrunni hvers barns.

Þegar fjöltyngd börn hefja leikskólagöngu er rætt við foreldra um tungumál barnanna, málnotkun á heimilinu, reynslu þeirra og styrkleika. Foreldrar eru hvattir til að viðhalda og efla móðurmál barna og miðla þekkingu sinni á tungumáli, menningu og reynslu fjölskyldunnar. Túlkaþjónusta er nýtt þegar þörf er á svo mikilvæg upplýsingagjöf og samtal geti farið fram á tungumáli sem foreldrar skilja.

## 7.2 Hlutverk verkefnastjóra fjölmenningar

Verkefnastjóri fjölmenningar heldur utan um og samræmir fjölmenningarstarf, málörvun og tengdan efnivið á báðum starfsstöðvum Leikskóla FS. Hann vinnur í samstarfi við deildarstjóra og annað starfsfólk að því að skipuleggja stuðning sem tekur mið af þörfum einstaklinga og barnahópa.

Helstu verkefni verkefnastjóra eru:

- Að hafa yfirsýn yfir fjölmenningarstarf og málörvun á starfsstöðvunum,
- Að útbúa og miðla einstaklingsmiðuðu efni og verkefnum fyrir hópa,
- Að skipuleggja vinnustundir fyrir einstaklinga og hópa í samstarfi við deildarstjóra,

- Að veita starfsfólki ráðgjöf, stuðning, hvatningu og verkfæri til að efla málþroska, orðaforða og málskilning barna,
- Að samræma áherslur og vinnubrögð milli deilda,
- Að miðla upplýsingum, fræðslu og þekkingu á deildarfundum og deildarstjórafundum,
- Að taka þátt í móttökuviðtölum og foreldrafræðslu sem tengist fjöltyngi og menningarlegum bakgrunni,
- Að miðla upplýsingum til foreldra og styðja við samskipti fjölskyldna og leikskólans,
- Að fylla út og miðla nauðsynlegum skjölum og skýrslum til viðeigandi aðila í samræmi við gildandi reglur.

Verkefnastjóri fjölmenningar styður við og samræmir starfið en dagleg málörvun og ábyrgð á þátttöku barnanna er sameiginlegt verkefni alls starfsfólks.

## 7.3 Stuðningur við börn og farsæld

Leikskóli FS leggur áherslu á að öll börn fái þann stuðning sem þau þurfa til að líða vel, taka virkan þátt í leikskólastarfinu og þroskast á eigin forsendum. Starfið byggist á styrkleikum, áhuga og þörfum hvers barns og leitast er við að skapa námsumhverfi þar sem öll börn upplifa öryggi, virðingu og tilheyrandi.

### 7.3.1 Snemmtækur stuðningur

Starfsfólk fylgist með líðan, þroska, samskiptum og þátttöku barnanna í daglegu starfi. Komi fram vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti er brugðist við eins snemma og kostur er.

Stuðningur við barn hefst í daglegu starfi leikskólans. Námsumhverfi, dagskipulag, samskipti, efniviður og kennsluhættir eru aðlöguð að þörfum barnsins eftir því sem við á. Lögð er áhersla á að stuðningurinn fari fram í eðlilegum aðstæðum og að barnið sé virkur þátttakandi í barnahópnum.

Stuðningur er skipulagður og metinn í samstarfi við foreldra. Sjónarmið barnsins eru höfð að leiðarljósi og því gefið tækifæri til þátttöku með aðferðum sem taka mið af aldri þess, þroska og tjáningarmáta.

### 7.3.2 Samstarf um stuðning

Þegar þörf er á frekari stuðningi vinna deildarstjórar, sérkennslustjórar, stjórnendur og annað starfsfólk saman að því að greina þarfir barnsins og skipuleggja viðeigandi úrræði. Framvinda stuðnings er metin reglulega og hann aðlagaður eftir þörfum.

Leikskóli FS á samstarf við skólaþjónustu Reykjavíkurborgar og aðra sérfræðinga þegar þörf krefur. Þar geta meðal annars komið að sálfræðingar, talmeinafræðingar, félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar. Samstarfið fer fram í samráði við foreldra og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

### 7.3.3 Tengiliður farsældar

Öll börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið farsældar eftir því sem þörf krefur. Tengiliður farsældar veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu í þágu farsældar barns, aðstoðar við að tryggja aðgang að frummati á þörfum þess og getur skipulagt og fylgt eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu.

Foreldrar geta leitað til tengiliðar farsældar telji þeir að barn þurfi stuðning frá fleiri en einum þjónustuaðila. Samþætting þjónustu hefst að beiðni foreldra eða barns eftir því sem við á og fer fram í samráði við fjölskylduna. Ef barn þarf fjölþætta þjónustu á öðru eða þriðja þjónustustigi til lengri tíma tilnefnir sveitarfélagið málstjóra þegar beiðni um samþættingu liggur fyrir og skilyrði laganna eru uppfyllt.

Upplýsingar um tengilið eða tengiliði farsældar hjá Leikskóla FS og hvernig hægt er að hafa samband við þá eru birtar á upplýsingaveitum leikskólans.

### 7.3.4 Trúnaður og meðferð upplýsinga

Starfsfólk gætir trúnaðar um upplýsingar sem varða börnin og fjölskyldur þeirra. Starfsfólki er skylt að gæta þagmælsku um þau atriði sem það fær vitneskju um í starfi sínu.

Upplýsingum um börn er aðeins miðlað þegar heimild er fyrir því og í samræmi við gildandi lög, reglur um persónuvernd og verklag Leikskóla FS. Myndir, myndskeið, hljóðupptökur og uppeldisfræðilegar skráningar eru notaðar í faglegu starfi og upplýsingamiðlun samkvæmt gildandi reglum og samþykki þar sem þess er krafist.

### 7.3.5 Tilkynningarskylda til barnaverndar

Allt starfsfólk Leikskóla FS er bundið tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum. Verði starfsmaður var við aðstæður sem gefa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu ber honum að tilkynna það til barnaverndarþjónustu.

Tilkynningarskyldan er einstaklingsbundin og gengur framar þagnarskyldu. Hún er óháð því hvort áður hafi verið óskað eftir stuðningi eða samþættri þjónustu í þágu farsældar barns.

# 8. Tengsl skólastiga og nær samfélags

Leikskóli FS leggur áherslu á að breytingar í skólagöngu barna séu undirbúnar með velferð, öryggi og samfellu í námi að leiðarljósi. Starfsfólk vinnur með foreldrum og þeim skóla sem tekur við barninu að því að miðla nauðsynlegum upplýsingum og auðvelda barninu að kynnast nýju umhverfi eftir því sem við á. Tekið er mið af þörfum hvers barns og upplýsingum miðlað í samráði við foreldra og samkvæmt gildandi reglum um persónuvernd.

## 8.1 Samstarf Sólgarðs við leikskóla

Sólgarður er ungbarnaleikskóli og því flytjast börnin þaðan að jafnaði í annan leikskóla þegar dvöl þeirra lýkur. Færslan getur verið á milli starfsstöðva Leikskóla FS eða í annan leikskóla.

Lögð er áhersla á gott samstarf við foreldra við undirbúning flutningsins. Þegar þörf er á hefur starfsfólk samráð við leikskólann sem tekur við barninu og miðlar upplýsingum sem styðja við vellíðan þess, aðlögun og áframhaldandi nám.

## 8.2 Samstarf Mánagarðs við leik- og grunnskóla

Á Mánagarði er unnið að samfellu milli leik- og grunnskóla og að því að undirbúa elstu börnin fyrir þau tímamót sem upphaf grunnskólagöngu felur í sér.

Mánagarður á samstarf við Melaskóla og frístundaheimilið Selið. Elstu börnin heimsækja Melaskóla og Selið á vorönn og fá þar tækifæri til að kynnast húsnæði, umhverfi og starfsemi. Fyrirkomulag samstarfsins og tímasetningar heimsókna geta breyst og er nánara skipulag kynnt foreldrum hverju sinni.



Skilafundir eru haldnir þegar það á við og í samráði við foreldra. Þar er miðlað nauðsynlegum upplýsingum sem geta stutt við vellíðan, öryggi og áframhaldandi nám barnsins í grunnskóla og frístundastarfi. Þegar barn fer í annan grunnskóla er leitast við að eiga sambærilegt samstarf við viðtökuskólann eftir því sem við verður komið.

## 8.3 Nær samfélagið sem námsumhverfi

Starfsstöðvar Leikskóla FS nýta nærumhverfi sitt til leiks, rannsókna og þátttöku í samfélaginu. Gönguferðir og vettvangsferðir gefa börnunum tækifæri til að kynnast náttúru, götum og stofnunum í nágrenninu, fara um með öðrum og tengja nýja reynslu við leik sinn og samtöl. Ferðir geta meðal annars tengst bókasöfnum, söfnum, tónlist og öðrum menningarviðburðum. Val á ferðum og lengd þeirra tekur mið af aldri og þörfum barnanna.

# 9. Faglegt samstarf og starfsþróun

Leikskóli FS er lærdómssamfélag þar sem starfsfólk vinnur saman að þróun faglegs starfs á Sólgarði og Mánagarði. Sameiginleg ígrundun, miðlun þekkingar og reglulegt samtal um starfshætti eru mikilvægur grunnur að gæðum leikskólastarfsins.

## 9.1 Faglegt samstarf og samráð

Stjórnendur og deildarstjórar eiga reglulegt samráð um faglegt starf, rekstur, skipulag og þau verkefni sem unnið er að hverju sinni. Stjórnendateymi Leikskóla FS heldur sameiginlega samráðsfundi þar sem farið er yfir starf beggja starfsstöðva og unnið að sameiginlegri sýn og þess að samræma starfshætti.

Á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsmannafundum og öðrum fagfundum er uppeldis- og menntunarstarfið skipulagt og metið. Þar fær starfsfólk tækifæri til að miðla reynslu, ræða líðan og nám barna, ígrunda eigin starfshætti og leita sameiginlegra lausna. Við alla umfjöllun um börn og fjölskyldur er gætt trúnaðar.

Samstarf milli Sólgarðs og Mánagarðs er nýtt til að styrkja sameiginlega sýn Leikskóla FS, samræma fagleg vinnubrögð og miðla þekkingu milli starfsstöðva. Jafnframt er tekið mið af ólíkum aðstæðum, aldurssamsetningu og þörfum barnahópsins á hvorum stað.

Leikskólinn á samráð við skólaþjónustu Reykjavíkurborgar og aðra fagaðila þegar þörf er á. Að samstarfinu geta meðal annars komið sálfræðingar, félagsráðgjafar, talmeinafræðingar, sérkennslustjóri, stjórnendur og deildarstjórar. Samráðið getur falist í ráðgjöf, fræðslu, athugunum og stuðningi við starfsfólk, börn og fjölskyldur.

Stjórnendur taka jafnframt þátt í faglegu samráði við stjórnendur annarra leikskóla og viðeigandi samstarfsaðila. Slíkt samstarf styður við miðlun þekkingar, faglega þróun og samfellu í þjónustu við börn og fjölskyldur.

## 9.2 Starfsþróun

Starfsþróun starfsfólks tekur mið af skólanámskrá, HighScope-stefnunni, niðurstöðum innra mats, umbótaáætlun og þörfum starfsfólks og barnahópsins. Hún getur meðal annars falist í fræðslu á starfsdögum, námskeiðum, fyrirlestrum, handleiðslu, jafningjafræðslu, lestri faglegs efnis og þátttöku í þróunarverkefnum.

Starfsþróunarsamtöl eru hluti af mannauðsstarfi leikskólans. Þar gefst starfsfólki tækifæri til að ræða líðan í starfi, styrkleika, ábyrgð, samskipti, fræðsluþarfir og markmið

um áframhaldandi starfsþróun. Niðurstöður samtalanna eru meðal þeirra upplýsinga sem nýttar eru við skipulagningu fræðslu og stuðnings.

Starfs- og námskeiðsdagar eru sex á hverju skólaári. Þeir eru nýttir til fræðslu, undirbúnings, ígrundunar, samráðs, innra mats og umbótavinnu. Dagarnir eru skipulagðir með hliðsjón af þörfum starfsins og fjölskyldna barnanna og auglýstir í skóladagatali með tilskildum fyrirvara.

Áherslur, fyrirkomulag og nánari dagskrá starfsþróunar eru ákveðin fyrir hvert skólaár og sett fram í starfsáætlun Leikskóla FS.

# 10. Mat á leikskólastarfi, umbætur og ársskýrsla

Leikskóli FS metur starf sitt reglulega til að fylgjast með gæðum þess og ákveða hvað þarf að bæta. Í þessum kafla er fjallað um innra og ytra mat, hvernig niðurstöður eru nýttar í starfsáætlun og umbótum og hvernig gerð er grein fyrir starfinu í ársskýrslu.

## 10.1 Innra mat

Við innra mat er tekið mið af lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá Leikskóla FS, HighScope-stefnunni og þeim markmiðum sem sett eru fram í starfsáætlun hverju sinni. Meðal þess sem metið er eru námsumhverfi, aðgengi barna að efniviði, samskipti, þátttaka barna, skipulag dagsins og hvernig starfshættir styðja við virkt nám. Viðmið matsins eru meðal annars að börn hafi tækifæri til vals og leiks, efniviður sé aðgengilegur, samskipti styðji vellíðan og þátttöku og skipulag dagsins styðji virkt nám.

Eitt þeirra verkfæra sem nýtt eru við innra mat er Preschool Quality Assessment (PQA), matslisti frá HighScope.

PQA er notaður til að meta gæði námsumhverfis og framkvæmd HighScope-stefnunnar. Matið tekur meðal annars til námsumhverfis, dagskipulags og venja, samskipta barna og fullorðinna og skipulagningar og framkvæmdar starfsins.

Matið byggist á vettvangsathugunum og samtölum við starfsfólk. Athuganir eru skráðar og nýttar sem grundvöllur mats á fimm punkta kvarða, þar sem hærri stig endurspegla meiri gæði samkvæmt viðmiðum PQA. Niðurstöðurnar gefa mynd af styrkleikum starfsins og þeim þáttum sem þarfnast frekari þróunar og eru nýttar við faglegt samtal og umbótavinnu. Þróunarstjóri HighScope framkvæmir PQA-mat á hverri deild einu sinni til tvisvar á ári.

Upplýsinga er jafnframt aflað með öðrum fjölbreyttum hætti, meðal annars með athugunum, uppeldisfræðilegum skráningum, umræðum og mati starfsfólks, deildarfundum, starfsmannakönnunum og öðrum gögnum sem tengjast starfseminni. Niðurstöður HR Monitor og sambærilegra kannana geta verið hluti af þeim gögnum sem nýtt eru við innra mat.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra mats en starfsfólk tekur virkan þátt í mati og umbótavinnu. Við þróun matsins er jafnframt leitast við að afla sjónarmiða barna og foreldra með leiðum sem hæfa viðfangsefninu hverju sinni. Sjónarmið barna eru metin út frá aldri, þroska og tjáningarmáta þeirra.

## 10.2 Umbætur og starfsáætlun

Niðurstöður innra mats eru nýttar til að ákveða áherslur og umbótaaðgerðir. Í starfsáætlun hvers skólaárs er gerð grein fyrir þeim þáttum sem á að meta, helstu niðurstöðum mats og þeim umbótum sem ráðist verður í. Þar koma einnig fram ábyrgð, tímasetningar og hvernig árangur umbóta verður metinn. Niðurstöður innra mats og umbótaáætlun eru gerðar aðgengilegar.

Með þessu mynda skólanámskrá og starfsáætlun eina heild. Skólanámskráin lýsir þeim grunni og viðmiðum sem starf Leikskóla FS byggist á en starfsáætlunin sýnir hvernig unnið er að markmiðunum á hverju skólaári.

## 10.3 Ytra mat

Ytra mat á leikskólastarfi er framkvæmt af aðilum utan Leikskóla FS, svo sem Reykjavíkurborg eða því ráðuneyti sem fer með málefni leikskóla. Í slíku mati getur meðal annars falist formleg úttekt á stjórnun, uppeldis- og menntunarstarfi, skólanámskrá, innra mati, foreldrasamstarfi og sérfræðiþjónustu.

Fari fram ytra mat á Leikskóla FS verða niðurstöður þess nýttar ásamt niðurstöðum innra mats til að efla faglegt starf og skipuleggja umbætur.

## 10.4 Ársskýrsla

Í ársskýrslu Leikskóla FS er gerð grein fyrir framkvæmd starfsáætlunar, helstu þáttum skólastarfsins og þeim verkefnum og umbótum sem unnið hefur verið að á skólaárinu. Ársskýrslan, niðurstöður innra mats og umbótaáætlun eru nýtt við gerð næstu starfsáætlunar og reglulega endurskoðun skólanámskrárinnar.

## 11. Gerð og endurskoðun skólanámskrár

Skólanámskrá Leikskóla FS er sameiginleg fyrir Sólgarð og Mánagarð. Leikskólastjóri ber ábyrgð á gerð hennar og reglulegri endurskoðun en starfsfólk beggja starfsstöðva tekur þátt í vinnunni með faglegu samtali, mati á starfsháttum og mótun sameiginlegra áherslna.

Við endurskoðun skólanámskrár er tekið mið af lögum og Aðalnámskrá leikskóla, HighScope-stefnunni, niðurstöðum innra og ytra mats, umbótaáætlun og breytingum á starfsemi eða þörfum leikskólasamfélagsins.

Sjónarmið barna og foreldra eru jafnframt höfð til hliðsjónar við endurskoðun skólanámskrár eftir því sem við á.

Foreldraráð fær skólanámskrána til umsagnar áður en hún er lögð fyrir viðeigandi nefnd sveitarfélagsins til staðfestingar og fylgist með framkvæmd hennar.

Skólanámskráin er kynnt starfsfólki og foreldrum og birt á aðgengilegan hátt. Breytingar á henni eru kynntar leikskólasamfélaginu hverju sinni.